



# Kvika - Séreignasparnaður 1

Yfirlit 31.12.2017

## Um safnið

Kvika býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignasparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Séreignasparnaður 1 er verðtryggt innlánsreikningur hjá Kviku.

## Markaðspunktur

Efnahagshorfur á Íslandi eru ágætar um þessar mundir hagvöxtur er sterkur og er drifinn áfram af vexti í ferðaþjónustu, fjárfestingum og einkaneyslu. Verðbólgan hefur ekki hækkað að ráði undanfarin misseri og hefur haldist undir verðbólguþröngun frá árinu 2014. Helstu ástæður fyrir hagstæðari viðskiptakjörum eru m.a. lækun á hrávörum og lág alþjóðleg verðbólga. 12-mánaða verðbólga í desember 2017 stóð í 1,9%. Peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði stýrivexti sína þrisvar á árinu 2017 og eru meginvextir bankans 4,25%. Á árinu 2017 hefur skuldabréfamarkaður gefið góða ávöxtun en miklar sveiflur hafa einkennt markaðinn. Það eru helst löng verðtryggt bréf sem hafa gefið bestu ávöxtunina og hækkaði 10 ára verðtryggða ríkisskuldabréfavísitalan um rúm 12,3% á árinu 2017. Jafnframt hækkaði vísitala 5 ára óverðtryggða ríkisskuldabréfa um 5,6% og vísitala 5 ára verðtryggða skuldabréfa um 8,6%.

Gengi krónunnar styrktist á fyrri hluta ársins en kom til baka yfir sumarið og veiktist krónan lítillega á árinu 2017. Raungengi krónunnar er orðið fremur hátt í sögulegu samhengi einkum vegna aukins ferðamannastraums. Sveiflur á gengi krónunnar hafa minnkað verulega síðustu misseri.

Hlutabréfamarkaður á árinu hefur verið blendinn. Á árinu 2017 lækkaði hlutabréfavísitalan um rúm 3%. Mikill munur var á gengi félaga. Grandi, Vís, Vodafone og Marel hækkuðu mest eða yfir 30%. Hinsvegar lækkuðu hlutabréf í Icelandair og Högum umtalsvert á árinu eða um rúm 30%. Efnahagsumhverfið er hagstætt fyrir rekstur fyrirtækja um þessar mundir, mikill hagvöxtur, hófleg verðbólga og lægri vextir en áður. Hinsvegar fer kostnaður vaxandi sem þarf að mæta með hagræðingu. Komandi uppgjör munu ráða miklu um framhaldið á hlutabréfamarkaði. Einnig mun úrlausn kjarasamninga hafa áhrif á kostnað fyrirtækja. Eftirspurn erlendra aðila á íslenskum hlutabréfum hefur aukist síðustu misseri og má búast við að framhald verði á því. Hinsvegar má búast við áframhaldandi sveiflum í verði hlutabréfa á næstunni sérstaklega í ljósi fleiri fjárfestingakosta sem innlendir fjárfestar standa frami fyrir í kjölfar losunar fjármagnshafta.

**Séreignasparnaður 1**  
hentar þeim sem vilja fá örugga ávöxtun í innlánunum og er sú leið sem er áhættuminnst af þeim sem eru í boði.

Safnið er hugsað fyrir þann aldurshóp sem á að jafnaði stuttan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem stöðugleiki í ávöxtun skiptir sem mestu máli.

**Séreignasparnaður í Kviku**  
er valkostur fyrir þá sem vilja greiða viðbótariðgjöld til að auðvelda fólki að hætta að fyrr að vinna og stuðla að betri fjárhag eftir starfslok.

## Fjárfestingastefna

| Tegund verðbréfa  | Vikmörk | Núv. eign   |
|-------------------|---------|-------------|
| Verðtryggt innlán | 100%    | 100%        |
| <b>Samtals</b>    |         | <b>100%</b> |

Séreignasparnaður 1 er verðtryggt innlánsreikningur hjá Kviku.

Um eignasamsetningu Séreignasparnaðar Kviku gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.



## Ávöxtun \*)

| Tímabil      | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
|--------------|-------------|-------------|
| 1 mán        | 0,0%        | 0,1%        |
| 3 mán        | 0,8%        | 0,4%        |
| 1 ár         | 3,2%        | 1,4%        |
| Frá áramótum | 3,2%        | 1,4%        |
| Frá upphafi  | 3,4%        | 1,8%        |

\*) Ávöxtun til eins árs eða skemmi tíma er sýnd sem ávöxtun á því tímabili. Fyrir lengra tímabil er sýnd árleg ávöxtun. Stofndagur: 1.2.2014.

Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignasparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skoðast sem fullnægjandi lýsinga á þeirri séreignarleið sem fjallað er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.